

Nr. 18-144 S 094 Glaður SH 46**Strandar á Breiðafirði**

Skipaskr.nr: 2399
 Smíðaður: Hafnarfjörður 1999, plast
 Útgerð: Arnarstapi ehf
 Stærð: 7,0 brl. 5,84 bt.
 Mesta lengd: 9,42 m Skráð lengd: 7,98 m
 Breidd: 2,96 m Dýpt: 1,16 m
 Vél: Cummins 187 kW, 1999
 Fjöldi skipverja: 2



Glaður©Sigurður Bergþórsson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 31. júlí 2018 var Glaður SH 45 á grásleppuveiðum á Breiðafirði. Veður: Hægviðri. Fjara kl. 14:58

Þegar verið var að færa bátinn á milli veiðisvæða strandaði hann um kl. 12:30 á skeri við Köngursey á stað 65°19,7N og 022°31,4V. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð en þegar flæddi að losnaði báturinn af sjálfsdáðum af skerinu en þá var klukkan um 18:20. Andri SH 450 dró Glað til hafnar í Stykkishólmi.



Mynd 1 Kortið sýnir strandstað um 16 sml NNA af Stykkishólmi



Mynd 2 Glaður á strandstað á fjörliggjanda

Við rannsókn kom fram:

- að samkvæmt ferilskráningu frá Vaktstöð siglinga strandaði báturinn milli AIS ferilmerkja kl. 12:11 og 12:14. Klukkan 12:11 var báturinn á 3,6 hnúta ferð og á r/v stefnu 073°. Fram kom að ekki hefði komið högg á bátinn heldur hafði hann sest rólega og síðan flætt undan honum;
- að skipstjórinn þekkti svæðið og vissi af skerinu. Hann hafði ætlað að fíkra sig inn fyrir það til að setja út nýja netalögn og ekki gert sér grein fyrir að það væri komið útfall;
- að skipstjórinn gat skoðað skemmdir á strandstað þegar flætt hafði út og í ljós kom að stífa aftur í kjöl hafði bognað. Ekki kom leki að bátnum;
- að um borð var rafrænt kortaforrit af gerðinni Turbo og fram kom hjá skipstjóra að það hefði verið nýlega uppfært. Samkvæmt upplýsingum frá Sjósmælinga- og siglingaöryggisdeild Landhelgisgæslu Íslands er Turbo ekki viðurkennt sem IC-ENC rafrænt kort.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er vanmat á aðstæðum.